

Valgerður Dan leikur löngu dauða ömmu Hrapps á mynd uppi á vegg.

við Jólaævintýri Dickens fyrir Leikfélag Akureyrar."

Þá var kominn saman hópur fimm kvenna sem allar höfðu áhuga á og reynslu af að vinna fyrir börn. Olga heldur áfram að segja frá: „Við byrjuðum á að fleygja fram hugmyndum á fundum og ræða hvers konar verk við vildum búa til. Upp úr því vann ég bláþráð í september. Fyrsta hugmyndin sem fæddist var að ferðalagi, og hún er sú eina af þeim fyrstu sem endanlega var notuð. Annars var hugmyndaflugið hátt og fór víða, og það tók okkur langan tíma að koma okkur niður á raunsætt plan! Því leikhúsið sker leiknum þröngan stakk og þó að við notum salinn talsvert er erfitt að leika annars staðar en á sviðinu í Iðnó.

Í október var búið að velja alla leikarana nema telpurnar tvær sem skiptast á að leika prinsessuna í Ljósalandi, og allan október unnu leikararnir spunavinnu út frá bláþræðinum. Í honum var lítill texti en fjöldi hugmynda, og í spunanum athuguðum við hverjar reyndust vel og hverjar ekki og prófuðum karaktera. Þetta var geysilega skemmtileg vinna. Eftir þetta settist ég niður við að skrifa, með hugmyndir og samtöl úr spunanum í farteskinu sem ég valdi úr allt sem virtist nýtilegt og fléttaði saman við mínar hugmyndir. Handritið lá fyrir rétt fyrir jól en hefur breyst töluvert í æfingavinnunni síðan. Reglulegar æfingar hófust undir miðjan janúar."

Olga hefur áður skrifað leikrit fyrir börn, það var Amma þó! í Þjóðleikhúsinu 1984, með Herdísi Þorvaldsdóttur í aðalhlutverki. Var þetta eitthvað svipuð vinna?

„Nei. Þá skrifaði ég leikrit heima hjá mér sem var sett beint á svið. Þar var ekki þessi langa forvinna sem er svo miklu erfiðari á alla lund en sem líka er á margan hátt svo gefandi. Þessi reynsla á eftir að koma mér að góðum notum í framtíðinni. Ég hef fengið miklu víðari sýn á hvernig vinna fer fram í leikhúsi. Ég fékk tækifæri til að prófa mig áfram, henda heilu atriðunum þegar ég sá að þau gerðu sig ekki og skrifa önnur í staðinn. Og þessi vinna er ekki bara erfiðari fyrir höfund, hún er krefjandi fyrir alla aðila."

Að trúa því sem maður sér

Hvað fannst þér lærdómsríkast við þessa vinnu?

„Það var svo margt. Eitt var að fá að kynnast hugmyndunum sem Margrét (sem reyndar er systir Olgu) hafði heim með sér frá Els Comediants. Hún lék með þeim í rúm sex ár víða um heim og fékk mjög fjölþætta reynslu. Hún vildi ekki að þetta yrði textaleikhús heldur átti að leggja áherslu á hið sjónræna, beita einföldum brögðum til að segja flókna hluti. Þá á ekki að þurfa að útskýra fyrir áhorfendum í smáatriðum eða með langri forsögu heldur á að byggja verkið þannig upp að þeir trúi því sem þeir sjá um leið og þeir sjá það.

Ég er vön að vinna fyrir lesendur og hef tilhneigingu til að skýra hlutina út á bók, en ég lærði að höfundur skrifar allt öðruvísi fyrir leikhús. Grundvallarlögmál frásagnarlistarinnar eru kannski þau sömu en úrvinnslan er allt önnur. Amma þó! var of bóklegt verk með löngum eintölum. Textinn í Ferðinni á heimsenda er orðinn mjög knappur vegna þess að ég lærði að ef hægt er að segja hlut án orða án þess að sagan eða persónueinkenni glatist þá á að gera það.

Ég ætlaði ekki að fara að vinna fyrir leikhús, ég var að skrifa skáldsögu og vinna að barnaplötu, en það var ómótstæðileg freisting að fá að vinna að leikhúsi á þennan hátt."

Lofsverð dirfska

Hver er þá munurinn á leiksmiðju og leikhúsi?

„Í leiksmiðju leggja allir sitt í púkkið og reyna á sköpunargáfu sína. Vinna leikarans er yfirleitt einhæf eftir að leiklistarskóla sleppir. Þeir vinna að ákveðnum verkum undir stjórn ákveðins leikstjóra. En að taka þátt í leiksmiðju er eins og að koma aftur í skóla.

Í spunavinnunni spreyttu til dæmis allir sig á öllum persónunum. Hver persóna í leikritinu fékk ofurlítinn part af hverjum leikara. Við þetta verða karakterarnir vonandi dýpri og meira sannfærandi. Það var ekki raðað niður í hlutverk endanlega fyrr en seint og um síðir. Og þegar allt er komið í kring eiga allir eitthvað í verkinu, þótt úrvinnslan og höfundarvinnan sé endanlega mín. En þetta er lífsháski því álagið á hvern og einn verður ómælt.

Starf í leiksmiðju tekur langan tíma og er dýrt. Það var aðdáunarverð dirfska af hálfu stjórnar Leikfélagsins að gefa kost á þessum vinnubrögðum. Þeir tóku verulega áhættu þegar þeir leyfðu þessa tilraun sem þeir vita ekkert hvernig tekst."

Leikhúsgestir fá bráðum að dæma sjálfir um hvernig til hefur tekist, því verkið verður frumsýnt núna um helgina.

SA

Svipir sækja þing

Málverkasýning Kjartans Ólasonar Kjarvalsstaðir 18. febr.-5 mars

Það verður að segjast eins og er að sýning Kjartans Ólasonar að Kjarvalsstöðum kemur á óvart. Myndir hans eru kraftmiklar og sannfærandi í formi og mónúmental að stærð og innihaldi. Þær eru sprottnar úr hefð sem má rekja aftur til Giotto, Mantegna og Michelangelo, en líka til nútímamálara eins og Legér, Picasso og mexíkönsku byltingarmálarana Rivera, Siqueiros og Orozco. Þessir málarar eiga það sameiginlegt að hafa gert veggmyndir sem eru ekki bara stórar, heldur hafa að bera þá mónúmental eiginleika sem felast í upphafningu þess fyrirbæris sem um er fjallað, þannig að það öðlast sammannlega vídd, sem er hafin yfir þau einstaklingsbundnu tilvistarvandamál sem annars einkenna svo mikið af myndlist 20. aldarinnar.

Mónúmental list hefur ekki verið áberandi á 20. öldinni. Ástæðan er sú að það er eðli hennar að sveipa viðfangsefnið töfraljóma, að goðmagna það. List 20. aldarinnar hefur stefnt mestmegnis í þveröfuga átt: að afhjúpa goðsögurnar og brjóta þær niður í stað þess að byggja þær upp.

Málarar eins og Legér og Picasso máluðu mónúmental myndir sem fjölluðu annars vegar um dýrð tæknimenningarinnar (Legér) og hins vegar um stríð og frið (Picasso). Viðfangsefni mexíkönsku málaranna voru þau að goðmagna byltinguna sem sögulega lausn úr ánauð um leið og þeir byggðu á fornum menningararfi Suðurameríku. Hugmyndalega voru þeir engu að síður fullir mótsagnar, sem sést best á því að lærifaðir þeirra, doktor Atl, var orðaður við nasisma, Sequieiros var stalínisti og orðaður við morðið á Trotsky, Rivera trotskyisti en Orozco anarkisti sem endaði í hreinni bölsýnisdulspeki! Mexíkanska veggmálverkið endurspeglaði þversagnafullar þjóðfélagsaðstæður sem voru að því leyti ólíkar evrópskum, að byltingin í Mexíkó var bylting gegn landeigendum og eiginleg borgarastétt hafði ekki náð að myndast þar á fyrri hluta aldarinnar.



MYNDLIST

ÓLAFUR GÍSLASON

En hvað koma þessar vangaveltur myndum Kjartans Ólasonar við?

Jú, myndir hans vekja spurningar um túlkun, sem ekki liggur á lausu. Hvað er það sem Kjartan er að goðmagna í þessum mónúmentalmálverkum sínum? Hvaðan koma þessir stæltu og svipmiklu karlmenn, þessir hestar og þessi andlit sem eru eins og grímur? Hvernig getum við lesið úr þessu táknmáli?

Kraftmiklir hestar og vöðvatröll voru vinsælt viðfangsefni þeirra mónúmental listamanna sem störfuðu í þjónustu nasismans og fasismans á fyrri hluta aldarinnar. Kjartan verður hins vegar ekki bendlaður við þá upphafningu kynþáttar og fósturjarðar, sem lá í mystík nasismans. Myndir hans fjalla ekki um erfðafræðilega dulspeki og hetjur hins hreina kynþáttar, heldur eru þetta skuggaverur úr heimi Ha-

Dauðinn neglir

Matthías Johannessen
Dagur af degi
Almenna bókafélagið 1988



Til er kenning sem gengur út á það að ung skald yrki um dauðann, eldri skáld og ráðsettari syngi hins vegar lífinu lof og sæki yrkisefni í minningabrunninn; til bernskunnar, vorsins og sakleysisins. Ung skáld hafa náttúrlega ekki alltaf úr mikilli reynslu eða lífsháska að moða, eldri skáldin hafa reynt sitt af hverju ef að líkum lætur og horfa til baka. Oftast með söknuði eins og gengur.


Minningar, tími og tjáning hugsunarinnar eru þrálátustu minnin í nýjustu ljóðabók Matthíasar Johannessen. Hann „vitjar dags í löngu gleymdri minning" í fyrsta ljóði bókarinnar: drengur af Hávallagötu 49 sem lítur um öxl. Og hann er hreint ekki viss um hve minningin er sönn eða hve stór hluti af henni er seinni tíma viðbót. Frá bernskumynd sem stendur skáldi fyrir hugskotssjónum er óravegur yfir í þann skilning sem einstakur lesandi leggur í ljóð; en treginn er auðfundinn, hin skáldlega heiðríkja og angurværð er tímalaus, hversu persónuleg og lítilfjörleg sem endurminningin er:

Tréð
við hús þitt
blakaði grænum
vængjum
í sólhvítum
geislum
og við hlustuðum
á andvarann
í greinum þess

Svo segir í Tréð er minning; og eftir að hafa málað þessa mynd af bernskunni fáum við að sjá hvernig tíminn hefur leikið hana:

við hús þitt,
nú er það horfið.

En kvöldgulir
fuglar
fjarlægra greina
berja vængjalausum
vængjum
vatnskalda þögnina
eina.



BÆKUR

HRAFN JÖKULSSON

Dagur af degi hefur að geyma 58 ljóð og skiptist í átta kafla. Fyrstu tveir kaflarnir geyma ýmsar perlur; þar er Matthías á minningamiðum. Hann notar náttúrumyndir einatt til að skapa hughrif, eins og til að mynda í Það sér út á haf. Það hefst svo: *„Mállaus eru trén / í myrkri sem fylgir skugga vorum / þegar sól ber við lauf og ég sé / hvernig það syngur úr barka fuglsins.* Síðar segir í ljóðinu: *Þá sleppi ég hendi þinni / og vér horfumst dagslaus í augu / og nú erum það við, þú og ég / saman erum við ilmur skógarins og taugar."*

Matthías er að mörgu leyti ákaflega dramatískt skáld, hrifnæmur og einlægur, honum tekst að draga upp í nokkrum dráttum áhrifamiklar myndir. Þegar hann sparar orðin eins og kostur er skapar hann stemmningu sem getur skilið mikið eftir sig. Stundum verður hann á hinn bóginn alltof orðmargur og upphafinn í stíl. Unir sér dável í aldingarði orðanna; hlúir að skrautrunnum og blómaskrúði, en getur fyrir vikið hrakið lesandann burt vegalausan og áttavilltan. Þannig er litanotkun hans á stundum truflandi, jafn flinkur málari þarf ekki að hlaða um sig orðum eins og seglhvítur, kviðgulur, fjallhvítur, klógulur, fjaðrahvítur, auðnarhvítt, vængblátt, laufgrænt, hrafnblátt, haustrautt svo dæmi séu tekin af handahófi – án þess að með því sé lagður dómur á kvæðin sem þau eru tekin úr. Stundum spennir skáldið bogann til hins ýtrasta; tekur stefnuna langt út fyrir sjóndeildarhringinn á skáldlegu hugarflugi. Það þarf að beisla skáldfákinn af einurð og festu, þann viljuga gæðing.

Tvö síðustu ljóðin í öðrum hluta bókarinnar eru afar áhrifamikil, hvort á sinn hátt. Minning um Þuríði er stutt og knappt og gerir þá kröfu á hendur lesanda að hann leggi nokkuð til af sjálfum sér:

Þú ert lengstur dagur
milli guls skógar
og þessa bláa hafs.

Og dagurinn hverfur
augum sínum
til viðar.

Í ljóðinu Minning byrjar skáldið á því að draga upp mynd af náttúrunni, þegar Hólsfjöll eru hvít af snjó en *„Herðubreið drúpir / höfði, ein í öræfaauðn / þögul og góðorð um þá / sem voru hér eitt sinn á ferð / en hafa nú kvatt / dauðinn neglir augu vor aftur / kallar hvert sport / undir ísa og fannir / og vindurinn syngur oss / hvert af öðru til jarðar."*

En ferð okkar er ekki lokið; fyrst og fremst erum við hlekkir í órofakeðju og kannski ekki alltaf ljóst hver lifir og hver deyr, hver vakir og hver sefur: *„En þá rís heiður dagur, / opnar augu vor aftur / eins og lyng og víðir / vaxi úr hvítum sköflum / og hefji enn eina ferð / inn í vor undir holti og sól. / Vér höldum saman á stað / í fylgd með fjalldrapa sóley og stör, / höldum áfram í draumi annars manns / sem fellur nær um trega / vér erum aðeins gestir / í ráðvilltum huga hans: / minning um*